

Erindi til Byggðaráðs varðandi ganganmannaskála á Vatnaleið.

Til : Hrafnhildur Tryggvadóttir
Frá : Gísli Einarsson <Gisli.Einarsson@ruv.is>
Heiti : Erindi til Byggðaráðs varðandi ganganmannaskála á Vatnaleið.
Málsnúmer : 2103073
Málsaðili : Ferðafélag Borgarfjarðarhéraðs
Skráð dags : 11.03.2021 21:41:18
Höfundur : Gísli Einarsson <Gisli.Einarsson@ruv.is>

Ágæta Byggðaráð

Þann 1. mars sl. var Ferðafélag Borgarfjarðarhéraðs formlega stofnað. Yfir hundrað manns sóttu stofnfundinn en félagar eru núna komnir í um 160.

Eitt af markmiðum félagsins, og fyrsta stóra verkefni þess, er að standa fyrir uppbyggingu og kynningu á Vatnaleið, 50 km gönguleið frá Hlíðarvatni að Hreðavatni. Félagið stefnir að því að hefja stikun á leiðinni núna á vormánuðum. Markmiðið verður að ljúka í ár stikun á fyrsta áfanganum, hið minnsta, þ.e. frá Hlíðarvatni að Hítarvatni. Einnig er ætlunin að setja niður í vor upplýsingaskilti með korti, leiðarlýsingu, tilmælum varðandi umgengni, öryggisupplýsingum ofl á fjórum stöðum. Skiltin verða við Hlíðarvatn, Hítavatn, Langavatn og Hreðavatn. Fulltrúar Ferðafélags Íslands tilkynntu á stofnfundi FFB að félagið legði til eina milljón króna í það verkefni. Þegar er farið að huga að hönnun skiltanna.

Þar sem Vatnaleiðin er um 50 km löng og oftast gengin í þremur áföngum eru góðir gististaðir mikilvægir til að auka vinsældir leiðarinnar. Stjórn FFB hefur áhuga á að aðstaða í gangnamannaskálanum við Hítavatn og Langavatn verði bætt með það að markmiði að hægt verði að bjóða upp á betri þjónustu við göngufólk, sem og í leiðinni gangnamenn að sjálfsögðu. Horft er til þess að bjóða upp á sem þokkalegasta gistiaðstöðu og jafnvel veitingasölu einnig.

Stjórn FFB óskar eftir því að félagið fái að annast útleigu á skálanum í sumar en að sjálfsögðu með þeim skilmálum að skálarnir verði til reiðu fyrir gangnamenn þegar þeirra tími kemur. Stjórnin óskar eftir því að Borgarbyggð leggi þessu verkefni lið með því að láta félagið hafa skálana leigufrétt fyrsta sumarið og jafnvel að leggja til einhverjar endurbætur á aðstöðunni.

Stjórn FFB bindur miklar vonir við uppbyggingu Vatnaleiðar og að þetta verkefni geti orðið samfélaginu til góðs. Stjórnin vonast því eftir góðu samstarfi við sveitarfélagið. Stjórnin er að sjálfsögðu til viðræðu um nánari útfærslu á verkefninu og hugsanlegu samstarfi hvenær sem er.

Fyrir hönd Stjórnar FFB.

Gísli Einarsson